

Atli Harðarson

Fimm hugleiðingar um kreppuna í Grikklandi sem birtust í Morgunblaðinu í september 2017

1. Þjóð í gapastokk

Kreppan í Grikklandi bitnar verst á Grikkjum sjálfum, einkum fátækari hluta þjóðarinnar. En hún kemur okkur samt öllum við.

Á síðustu áratugum tuttugustu aldar og fram á þessa virtist Grikkjum vegna vel og betur en þjóðum nágrannalandanna. Hagvöxtur var mikill. Milli 2001 og 2009 var hann að jafnaði ríflega tvöfalt meiri en að meðaltali á evrusvæðinu. Landsmenn töldust vinnusamir og vel menntaðir í alþjóðlegum sam- anburði og líf skjör fóru batnandi.

Helsta áhyggjuefnið í aldarbyrjun var halli á ríkissjóði en opinber um- svif höfðu aukist talsvert í stjórnartíð jafnaðarmanna (PASOK) á tíunda áratugnum. Þegar skammt var liðið á þessa öld, fyrir um tíu árum síðan, skuldaði gríska ríkið um það bil 100% af árlegri landsfram- leiðslu. En tekjur jukust hraðar en skuldir svo flestum hagfræðingum virtist ástæðulaust að hafa áhyggjur af afkomu landsins. Um þessar góðu horfur í byrjun aldar má til dæmis lesa í bók eftir Stathis Kalyvas sem heitir *Modern Greece: What everyone needs to know* og kom út hjá Oxford University Press árið 2015.

Árið 2008 skall á gerningaveður í bankakerfum heimsins. Þá sögu þekkja flestir. Þegar leið á árið römbuðu fjölmargir bankar í Evrópu á barmi gjaldþrots. Gríska ríkið reyndi að bjarga nokkrum bönkum þar í landi og það jók enn á skuldir þess. Staðan þar var að því leyti verri en hér uppi á Íslandi að ríkissjóður var of skuldsettur en hér hafði ríkið nýtt veltiárin á undan til að borga skuldir sínar.

George Papandreou, þáverandi forsætisráðherra Grikkja og leiðtogi Gríska jafnaðarmannaflokksins (PASOK), lýsti því yfir í apríl 2010, að ríkið gæti ekki staðið í skilum. Við þessa yfirlýsingu sáu allmargir bankamenn, einkum í Þýskalandi og Frakklandi, sína sæng upp reidda. Þeir höfðu lánað Grikkjum og máttu ekki við að nema lítið brot af skuldunautum þeirra lentu í greiðsluþroti. Stórveldi Evrópu óttuðust hrun eins og varð í bankakerfinu hér á Íslandi.

Þríeykið og fyrsta neyðarlánið

Í gang fór atburðarás sem gerðist að miklu leyti bak við tjöldin en endaði á því að svokallað Þríeyki (sem kallast „Troika“ á grísku) knúði fram lánveitingar til að bjarga bönkunum. Þetta þríþætta veldi samanstendur af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópska seðlabankanum og Alþjóða gjaldeyrissjóðnum.



Þríeykið lét aðildarríki Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins slá í púkk. Þau gerðu það meðal annars með því að taka lán – þau fátæku á hærrí vöxtum en þau ríku eins og gengur. Summan varð ansi há, meira en eitthundrað milljarðar evra. Hún var hæsta lán sem veitt hafði verið í gjörvallri sögu heimsins. Grikkir sáu minnst af þessum peningum. Það sem gerðist var einfaldlega að vaxta-greiðslum og afborgunum sem gríska ríkið réði ekki við var velt yfir á skattgreiðendur í öðrum löndum, sem sum voru, og eru, fátækari en Grikkland.

Þessar mjög svo umfangsmiklu aðgerðir Þríeykisins eru stundum kallaðar fyrsta neyðarlánið til Grikkja. Hliðastæðar ráðstafanir 2012 og 2015 eru þá kallaðar neyðarlán númer tvö og þrjú. Fyrsta láninu fylgdu harðir skilmálar. Gríska ríkið skyldi selja mikinn hluta eigna sinna, draga mjög úr opinberum útgjöldum, meðal annars til velferðar- og heilbrigðismála, og hækka skatta. Jafnframt var hluti af innlendri hagstjórn færður frá kjörnum stjórnvöldum til Þríeykisins. Með hverju nýju neyðarláni voru skilmálarnir hertir.

Aðgerðir sem drógu mátt úr grísku efnahagslífi

Þessar aðgerðir urðu ekki til þess að bæta hag ríkissjóðs Grikklands eða greiða fyrir því að hann gæti borgað lánadrottnum sínum. Þær urðu þvert á móti til þess að draga úr eftirspurn og umsvifum í hagkerfinu, auka brottflutning menntaðs fólks úr landi og flóttu fyrirtækja frá Grikklandi til annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það var næsta fyrirsjáanlegt að neyðarlánin björguðu ekki gríska ríkinu. Þegar stjórnvöld eru knúin til að stórhækka skatta og draga samtímis úr opinberri þjónustu hafa fyrirtæki ekki mikinn áhuga á að hefja starfsemi í landinu. Það dró úr fjárfestingu og efnahagslegum umsvifum og þar með líka úr tekjum ríkissjóðs. Kreppan sem af þessu hlaut varð ansi mikil og er það enn. Fjöldi fólks líður skort. Á árabílinu 2008 til 2014 minnkuðu tekjur einstaklinga um þriðjung, atvinnuleysi fór upp í 27% og þjóðartekjur minnkuðu um fjórðung.

Nú virðist harla óskynsamlegt að veita landi neyðarlán á kjörum sem draga úr getu þess til að borga skuldir og raunar er það þvert á stefnu og reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta er ekki til þess fallið að lánrottinnar fái fé sitt til baka. Sé einhver vitglóra í að leika samfélag svona grátt þá er hún líklega af svipuðu tagi og hugsunin á bak við skuldafangelsi og gapastokka fyrr á öldum. Þegar skuldugu fólk var refsað var það ekki til þess að það borgaði



skuldir sínar heldur til að hræða annað skuldugt fólk til að standa í skilum. Framkoma Þríeykisins við Grikki verður raunar helst skilin sem einhvers konar tilraun til að hræða önnur aðildarríki Evrópusambandsins til að borga lán sín hvað sem það kostar.


Ávinningur banka af neyðarlánunum til Grikkja var því tvenns konar. Annars vegar hræddu skilmálarnir aðrar þjóðir til að reyna sitt ýtrasta til að standa skil á vöxtum og afborgunum. Hins vegar voru þau leið til að fá skattborgara í öðrum löndum til að borga það sem Grikkir gátu ekki borgað.

(Birtist á bls. 23. í Morgunblaðinu 16. september 2017)

2. Útlánavíkingar og þörf fyrir fallandi gengi

Yanis Varufakis fæddist í Aþenu árið 1961. Hann nam stærðfræði og hagfræði á Englandi og hefur kennt hagfræði við háskóla í Cambridge á Englandi, Sydney í Ástralíu, heimaborg sinni Aþenu og Austin í Texas. Hann var fjármálaráðherra fyrsta hálfu árið eftir að ríkisstjórn Samtaka róttækra vinstrianna (SYRIZA) tók við völdum í Grikklandi í lok janúar 2015.

Í bók sinni, *And the weak suffer what they must*, sem út kom 2016, segir Varufakis frá kynnum sínum af þýskum bankamanni sem hann kallar Franz. Fram undir aldamót var starf hans að meta hvort þeir sem vildu lán væru líklegir til að geta borgað þau. Hann gætti þess að takmarkaðir fjármunir lentu hjá traustum lántakendum. Rétt fyrir aldamót breyttist vinnan í martröð þegar honum var skipað að gera allt sem hann gæti til að lána sem allra mest. Hann ferðaðist um og talaði fólk til



svo það veðsetti eigur sínar og notaði tekjurnar sem það síðan aflaði til að greiða vexti. Hér á Íslandi kynntumst við starfsemi af þessu tagi á árunum fyrir hrun þegar þjónustufulltrúar í bönkum hvöttu fólk til að veðsetja hús sín fyrir nýjum lánum og „láta fjármagnið vinna fyrir sig“.

Varufakis kallar bankamenn sem svona haga sér „predatory lenders“. Hér á landi var talað um útrásarvíkinga og eftir á að hyggja er það orð ef til vill lýsandi því þetta voru óttalegir ribbaldar. Það væri þó ef til vill enn betur við hæfi að kalla þá útlánavíkinga. Víkingar miðalda herjuðu á fólk til að taka af því allt sem það átti en útlánavíkingar voru séðari. Þeir herjuðu á fólk með gylliboðum til að geta síðan hirt aflafé þess í vexti. Innviðir miðaldasamfélags buðu ekki upp á svo háþróaðar leiðir til að hagnast á erfiði annarra.

Upphaf bankakreppunnar

Frans og aðrir bankamenn beittu öllum brögðum til að fá fólk til að steypa sér í skuldir, en hvers vegna? Ástæðurnar eru nokkrar. Ein er að í Þýskalandi var (og er) útflutningur meiri en innflutningur, framleiðsla meiri en neysla og er mismunurinn milli fimm og tíu prósent af landsframleiðslu. Þar söfnuðust því upp óheyrilegar innistæður sem leituðu ávöxtunar. Með tilkomu evrunnar varð fýsilegra að lána íbúum Suður-Evrópu heldur en áður var, þegar þeir tóku lánin í mynt sem gat fallið miðað við þýska markið.

Fyrir daga evrunnar hafði afgangur af vöruskiptum Þýskalands að miklu leyti verið ávaxtaður í Bandaríkjunum en ekki í Evrópu. Sama á við um sjóði víðar að, frá löndum sem seldu meira en þau keyptu, eins og til dæmis Japan. Sagan um bankakreppuna 2008 byrjaði því í Vesturheimi þar sem bankar tóku fyrir að hvetja fólk til að taka sem mest af lánum. Úr varð að fjölmargir Bandaríkjamenn keyptu dýrara húsnæði en þeir réðu á endanum við að borga.

Lánin sem tekjulágir Bandaríkjamenn tóku voru seinna kölluð „undirmálslán“ og þegar bankamenn þar í landi áttuðu sig á, að það væri engin leið að innheimta þau, þá reyndu þeir í stórum stíl að losa sig við þau með það að setja þau í pakka með einhverju sem leit betur út, búa til úr því söluhæf skuldabréf og gauka að öðrum. Evrópskir bankar keyptu þessa vitleysu í stórum stíl og vandræðin af því bættust við glannalegar lánveitingar hjá útlánavíkingum eins og Frans. Úr varð tryllingurinn sem náði hámarki 2007 þegar peningar fyrir lifibrauði heilla þjóða þutu hratt um gáttir og beina og litlar

hendingar breyttu streymi þeirra sumum í hag og öðrum í óhag án þess ráðrúm væri til að henda reiður á hvað væri að gerast.

Góðæði eða óðæri

Í þessu „góðæri“ (sem Elísabet Jökulsdóttir kallaði „óðæri“ og hitti þar naglann á höfuðið) var allt gert til að troða peningum upp á fólk, fá alla sem eitthvað áttu til að taka lán, veðsetja eigur sínar og eyða aflafé sínu í vexti. Grískir bankar tóku þátt í þessu, slógu lán og reyndu að lána áfram á hærri vöxtum. Það þarf ekki að ferðast víða um Grikkland til að sjá ummerki þessa í hálfbyggðum húsum sem hafa verið að drabbast niður frá því kreppan hófst.

Fyrir daga Evrópska seðlabankans, sem stofnaður var 1998, og upptöku sameiginlegs gjaldmiðils evrulanda árið 1999, var efnahagslíf álfunnar talsvert öðru vísi. Þá vegnaði löndum evrusvæðisins heldur skár en nú. Í þau 18 ár sem liðin eru frá upptöku evrunnar hefur hagvöxtur þeirra verið að jafnaði 1,36% á ári og minni en í öðrum löndum Evrópusambandsins (samkvæmt tölum sem liggja frammi á vef Alþjóðabankans). Næstu 18 ár þar á undan (þ.e. 1981 til 1998) var hann að jafnaði 2,23% á ári og álíka mikill og í öðrum Evrópusambandslöndum.

Misræmið innan evrusvæðisins

Áður en evran varð til var ekki jafn freistandi fyrir banka í Norður-Evrópu að lána fólk sem borgaði til baka í skútum, pesetum, lírum eða drökmum. Fjármagnið sem leitaði ávöxtunar innan álfunnar var heldur ekki jafn ævintýrlega mikið og á árunum eftir aldamót. Þar olli mestu að Bandaríkin tóku við gríðarlega miklu fé að láni og guð veit hvort eða hvenær þau munu skila þeim peningum. Annað sem skiptir máli er að halli á vöruskiptum, þar sem Suður-Evrópa safnar skuldum og Þýskaland og fleiri lönd í norðri safna sjóðum, varð ekki eins mikill þegar breytingar á gengi gjaldmiðla réttu hann af.



Þar sem hver þjóð hefur sinn gjaldmiðil leiðir halli á vöruskiptum til þess að gjaldmiðill landsins sem safnar skuldum lækkar í verði, útflutningsvörur þess verða ódýrari og seljast betur og hallinn réttist af, að minnsta kosti að nokkru leyti. Hvað sem líður misjafnri ánægju með sérþjóðlega gjaldmiðla eru þeir demparar sem taka högg af hagkerfum. Þegar tvö ríki hafa sama gjaldmiðil er ekki kostur á dempara milli þeirra af þessari gerð. Myntsvæði þurfa því annars konar stuðpúða, leiðir til að flytja umsvif og atvinnu frá svæðum sem selja meira en þau kaupa til svæða sem safna skuldum eða hafa ónóga atvinnu.

Í bók sinni *Europe after the Minotaur: Greece and the future of the global economy*, sem út kom 2011, rökstyður Varufakis að Bandaríkin hafi slíka stuðpúða (þó ófullkomnir séu) og það heimskerfi sem þau stjórnðu eftir seinna stríð og fram yfir 1970 hafi líka haft þá, en evrusvæðið vanti algerlega tæki sem koma í staðinn fyrir gengisfellingar. Úr verður misræmi sem leiðir til þess að suðrið verður skuldugt og eyðir aflafé sínu í vexti en norðrið, einkum Þýskaland, safnar auði. Kreppa Grikkja er að minnsta kosti að hluta til afleiðing af þessu misræmi innan evrusvæðisins.

(Birtist á bls. 18. í Morgunblaðinu 18. september 2017)

3. Óttinn við úrsögn úr myntbandalaginu

Árið 2010, þegar George Papandreou lýsti því yfir að ríkissjóður Grikklands gæti ekki staðið í skilum, féllu grísk ríkisskuldabréf um 82%. Það var hægt að selja þau fyrir 18% af því sem þau voru keypt á skömmu fyrr. Ríkið var á alla venjulega mælikvarða gjaldþrota. Viðurkenning á þessu gjaldþroti hefði orðið rothögg fyrir allmarga franska og þýska banka sem áttu fé inni hjá Grikkjum. Það varð því einhvern veginn að breiða yfir gjaldþrotið – ljúga því að það væri ekki alvöru gjaldþrot.

Á frjálsum markaði hefðu nokkrir bankar einfaldlega farið á hausinn því þeir höfðu lánað aðilum sem gátu ekki borgað. Það var bara ein leið til að bjarga þeim: Það varð að láta einhverja aðra borga. Löndin á evrusvæðinu og þau sem áttu aðild að Alþjóðgjaldeyrissjóðnum voru látin slá lán til að fóðra bankahítina. Lánin voru kölluð „neyðarlán til Grikkja“ en voru í raun leið til að seilast í buddur almennings í þessum löndum.

Aðgerðir Þríeykisins - mögulegar ástæður

Það liggur í augum uppi að skuldugu ríki verður ekki bjargað með því að skrifa á það enn hærra lán, síst af öllu þegar um leið er girt fyrir möguleika þess til að afla tekna. Þetta er álíka galið eins og að segja manni sem á ekki fyrir skuldum að það sé hægt að redda honum með því að hann fái enn meiri lán – en meiri vinnu fái hann ekki og hvað þá kauphækkun. Sá sem á ekki fyrir reikningum þarf annað hvort eftirgjöf hjá lánadrottnum eða kosti á að afla aukinna tekna, annars grynnkar ekkert á skuldunum. En hvers vegna létu menn þetta gerast? Hvers vegna knúði Þríeykið fram aðgerðir af þessu tagi?

Við þessum spurningum vita menn kannski ekki svör sem eru að öllu leyti rétt. Ég hef séð þrjú sem ég held að geymi að minnsta kosti sannleikskorn. Fyrsta svarið er það sem ég hef þegar ýjað að. Það hentar bönkum sem ekki geta rukkað gjaldþrota skuldunauta að fá leyfi ríkisstjórna til að rukka þá bara einhverja aðra og sumir stjórnámálamenn gegna bankamönnum og gera eins og þeir segja.

Annað svar er að benda á efasemdir ráðamanna í efnahagslífi Evrópu um að álfan yrði til lengdar samkeppnisfær við iðnvædd ríki þar sem litlu er kostað til almannatrygginga og opinberra velferðarkerfa. Sú hugmynd að knýja Grikki til að draga úr opinberum umsvifum af því tagi var því freistandi. Stjórnámálamenn í Norður-Evrópu gátu ekki rætt neitt slíkt heima fyrir án þess að hætta á afhroð í næstu kosningum. Það var hættuminna fyrir þá að prófa þetta í öðrum löndum eins og Grikklandi. Eftir því sem Varufakis segir í nýjustu bók sinni, *Adults in the room: My battle with Europe's deep establishment*, sem út kom á þessu ári, 2017, ræddi Wolfgang Schäuble fjármálaráðherra Þýskalands þetta við hann af sinni alkunnu hreinskilni. Samkvæmt frásögn Varufakis dró Schäuble enga dul á að hann teldi Evrópu ófæra um að keppa við Indland og Kína nema draga úr kostnaði við félagsleg velferðarkerfi.

Þriðja svarið er að umræður um gjaldþrot Grikklands voru spyrtað saman við bollaleggingar um úrsögn þeirra úr evrusamstarfinu og menn vissu ekki hvaða afleiðingar það mundi hafa ef lönd sem höfðu tekið upp evru hyrfu aftur til þess að nota eigin gjaldmiðil. Þessi tenging var samt engin veginn augljós. Það má hugsa sér gjaldþrot ríkis án þess það skipti um gjaldmiðil.

Hræðslan við „Grexit“

Árið 2012 gaf breska blaðið Financial Times út rafbók sem nefndist *If Greece goes*. Í henni er safn greina sem blaðið birti í maí á því ári og fjölluðu allar um þann möguleika að Grikkland hætti með evruna. Slík úrsögn var þá kölluð Grexit á hrognamáli fjölmiðlanna. Af þessu greinasafni má ráða að

enginn vissi hvaða afleiðingar það hefði að ríki hætti í myntbandalaginu. Sumir töldu að afleiðingar fyrir önnur Evrópuríki yrðu litlar, aðrir að útganga Grikkja mundi koma af stað keðjuverkun sem færi illa með bankakerfi og efnahag margra landa. Áhyggjurnar stöfuðu af því að trúverðugleiki evrunnar var í húfi en líka af því að skilningur manna á afleiðingum útgöngu var, og er að ég held enn, afar takmarkaður. Úrsögn var þrásinnis lýst sem skelfilegri ógn en það fór minna fyrir útskýringum á nákvæmlega hvað mundi af henni leiða.

Óttinn við úrsögn herjaði ekki bara á ráðmenn í Þýskalandi og Brussell heldur líka á Grikki sjálfa. Menn sáu fyrir sér að í aðdraganda útgöngu yrði ófremdarástand innanlands. Þeir sem ættu peninga mundu flytja þá úr landi og við tæki veikur gjaldmiðill og miklar gengisfellingar. Auk þess var engin vel kortlögð leið út úr evrusamstarfinu. Við þetta bættist að umfjöllun grískra fjölmiðla um úrsögn var svolítið eins og umfjöllunin um Icesave samningana hér. Þeir sem réðu fjölmiðlunum sáu sér hag í að mála skrattann á vegginn og mikla mjög hættuna sem fylgdi því að taka upp eigin gjaldmiðil.

Þegar ríkisstjórn Grikklands gekk að afarkostum Þríeykisins 2010 og svo aftur 2012 og 2015 var henni stillt upp við vegg með hótun um að annars yrðu þeir að hætta strax með evruna, loka öllum bönkum og verða gjaldmiðilslausir í þann tíma sem tæki þá að koma eigin gjaldmiðli á fót. Úr varð taugastríð og í öll þrjú skiptin lúffaði ríkisstjórn Grikklands.

Yfir 60% Grikkja segja nei

Þótt ríkisstjórnin í Aþenu hafi fallist á afarkosti 2010 og svo harðari kosti 2012 og 2015 hefur almenn-ingur í Grikklandi ekki gert það. Árið 2011, í aðdraganda neyðarlánsins sem samþykkt var í byrjun árs 2012, tilkynnti þáverandi forsætisráð-herra, Papandreou, að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort samþykkja skyldi skilmála Þríeykis-ins. Af þeirri atkvæðagreiðslu varð ekki. Papandreou dró yfirlýsinguna til baka og sagði af sér eftir tals-



verðar hótanir og valdsorðaskak. Þótt ekki yrði af þjóðaratkvæðagreiðslu að þessu sinni voru gerðar skoðanakannanir í október 2011 sem bentu til að um 60% hefðu greitt atkvæði gegn skilmálunum. Á sama tíma vildu samt rúm 60% að landið yrði áfram í myntbandalaginu.

Svipuð atkvæðagreiðsla og Papandreou boðaði var á endanum haldin sumarið 2015 þegar rætt var um þriðja neyðarlánið. Þá hafði nýr flokkur, Samtök róttækra vinstri manna (SYRIZA), farið með stjórn landsins í hálf t ár, frá janúar 2015. Landsmenn höfnuðu skilmálunum með 62,5% atkvæða. Ríkisstjórnin Grikklands, undir forystu Alexis Tsipras, formanns SYRIZA, hafði úrslit atkvæða-greiðslunnar að engu og samþykkti kröfur Þríeykisins. Þótt forystumenn SYRIZA hefðu kynnt sig sem róttæka og baráttuglaða varð óttinn við ógn og vá, sem enginn skildi almennilega, öllu öðru yfir-sterkari hjá þeim þegar til átti að taka.

(Birtist á bls. 18. í Morgunblaðinu 25. september 2017)

4. Evrópa Þýskalands

Þjóðverjinn Ulrich Beck (1944–2015) er með þekktustu félagfræðingum seinni ára. Hann er kunnur fyrir greiningu sína á einstaklingsvæðingu og einstaklingshyggju samtímans. Hann var líka frumkvöðull í að skilja heim nútímans sem áhættusamfélag, þar sem áherslan í stjórnámálumræðu hefur færst frá sókn efir gæðum til flótta frá hættu. Eitt einkenni áhættusamfélagsins er að það hefur meira vægi en áður að sleppa við mengun og minna vægi en áður að fá nýja verksmiðju í byggðarlagið.



Auk fræðiritar skrifaði Beck hugleiðingar um samtímamann og það sem var í fréttum. Í bókinni *Das deutsche Europa*, sem upphaflega kom út á þýsku árið 2012, ræðir hann um hlutverk Þýskalands í Evrópusambandinu. Þessi bók var gefin út í enskri þýðingu 2013 undir nafninu *German Europe*. Í formála bókarinnar velti Beck því fyrir sér hvort Þjóðverjar yrðu aftur farnir að nota markið þegar hún kæmi úr prentun. Hann bætti því svo við að hann vissi ekki hvort spurningin yrði þá orðin hlægileg og kreppan búin. Í augum hans var alger óvissa um framtíð evrunnar og Evrópusambandsins. Hann treysti sér þó til að fullyrða að árið 2012 væri Evrópa orðin þýskt land þótt enginn hefði viljað að svo yrði. Upplýst fólk hafði látið sig dreyma um evrópskt Þýskaland en ekki um þýska Evrópu.

Mörgum sýndust örlög sameiginlegs gjaldmiðils, evrunnar, hanga á bláþræði þegar möguleg úrsögn Grikklands úr myndbandalaginu var til umræðu árið 2011 (í aðdraganda neyðarláns númer tvö til Grikkja sem veitt var í byrjun árs 2012). Við þessar kringumstæður tók Þýskaland sér vald, sem það átti aldrei að hafa, og hefur ekki samkvæmt reglum og samningum Evrópusambandsins.

Lýðræði eða „fimm ára áætlanir“

Á eftir þessum formála rifjar Beck upp útvarpsfréttir í lok febrúar 2012 þar sem þulurinn sagði „Í dag mun þýska þingið ákveða örlög Grikklands.“ Beck bætir við að þessar fréttir hafi verið sagðar eins og um ósköp eðlilegan hlut væri að ræða. En hvernig getur það verið eðlilegur hluti af lýðræðislegum nútímastjórnámálum að örlög Grikkja séu ráðin á þinginu í Berlín en ekki í Aþenu? Í framhaldinu talar hann um ójafnvægið milli Norður og Suður-Evrópu – þar sem auðurinn safnast í norðri en skuldirnar í suðri – og hvernig endurtekin umræða um neyðarástand, yfirvofandi stórhættu, réttlætir ólýðræðislega valdbeitingu þar sem Þýskaland hefur tögl og hagldir.

Tveim árum fyrr, 2010, kom úr greinasafn eftir Beck sem heitir *Nachrichten aus der Weltinnenpolitik*. Ensk þýðing kom út 2012 undir nafninu *Twenty observations on a world in turmoil*. Þar ræðir hann meðal annars hvernig áherslan á hættu er notuð til að réttlæta vald. Í tíunda kafla bókarinnar líkir hann þeim saman Angelu Merkel og George W. Bush. Sá síðarnefndi notaði hryðjuverkaógnina til að þvinga sinni hernaðarstefnu upp á heiminn og Merkel notar hættuna á bankahruni til að knýja Evrópu undir þýska hagstjórn. Í ellefta kafla halda svipaðar hugleiðingar áfram og Beck bendir á að það sé vandasamt að meta allt þetta tal um hættur, því það verði sífellt erfiðara að greina milli óra og hræðsluáróðurs annars vegar og skynsamlegs áhættumats hins vegar.

Í sextánda kafla sömu bókar spyr Beck hvernig Evrópa skrifræðis og ólýðræðislegs valds geti orðið að Evrópu almennra borgara. Hann nefnir að eftir „neyðarlánið“ til Grikkja 2010 hafi sumir haldið að Evrópa væri á leið út úr kreppunni og hugsjónirnar um lýðræðislega stjórn í álfunni ættu sér von. En þegar tekið var að ræða næsta „neyðarlán“ og Papandreou forsætisráðherra Grikkja boðaði þjóðar- atkvæðagreiðslu um hvort gengið skyldi að skilmálum „lánsins“ þá kom í ljós að lýðræði taldist of áhættusamt. Hann var neyddur til að hætta við að bera málið undir þjóð sína. Beck spyr hvort Evrópusambandið hafi fórnað lýðræðinu til að bjarga evrunni og hvort kreppa gjaldmiðilsins sé að breyta Evrópusambandinu í pólitíska ófreskju. Seinna í sama kafla ræðir hann hættuna á að Evrópu- sambandið verði eins og Sovétríkin. Þar varð allt að víkja fyrir fimm ára áætlunum um framleiðslu – nú eru það „fimm ára áætlanir“ um niðurfærslu skulda.

Óttinn við hættur og valdbeiting í trássi við lög

Síðasta bók Becks heitir *The metamorphosis of the world: How climate change is transforming our concept of the world*. Hún kom út, á ensku, að honum látnum árið 2016. Í þessari bók segir Beck að í pólitískum veruleika nútímans stöndum við aftur og aftur frammi fyrir því sama: Það sem var búið að afgreiða sem algerlega ómögulegt sé að gerast í raun og veru. Bókstafstrú og þjóðernishyggja eru veruleiki og líka sú fáránlega staða að Þýskaland hefur lagt Evrópu undir sig. Þessi fullyrðing kann að virðast glannaleg. Þjóðverjar fara ekki formlega með neina yfirstjórn álfunnar. En þeir láta samt stundum eins og heimsveldi.

Árið 2015 leit á tímabili út fyrir að Grikkland fengi stuðning Kínverja. Þeir vildu fjárfesta í landinu, meðal annars í samgöngumannvirkjum, og ætluðu að kaupa ríkisskuldabréf og fá velvild grískra stjórnvalda í kaupbæti. Af þessu varð ekki. Eftir því sem Varufakis segir í nýjustu bók sinni (frá 2017) virðast yfirvöld í Berlín hafa látið stjórnvöld í Beijing vita að þau gætu ekki stutt Grikki og haldið samt áfram jafngóðu sambandi við Evrópu. Kínverjar létu minni hagsmuni víkja fyrir meiri og hættu við stórfelld skuldabréfakaup af Grikkjum.

Lýsing Becks á stjórnámálum samtímans er lýsing á heimi þar sem óttinn við hættur réttlætir vald- beitingu sem er í trássi við lýðræði og lög. Vald Príeykisins yfir Grikkjum er ólýðræðislegt vald en yfirvöld í löndum Evrópusambandsins bakka það upp af ótta við bankahrún og upplausn myntbanda- lagsins. Þótt það sé, eins og Beck segir, fjandanum erfiðara að meta að hversu miklu leyti óttinn á við rök að styðjast, sýnist mér löngu orðið ljóst að það sé betra að lifa við hættur en áþján. Að lifa við gjaldþrot banka og fækkun landa í evrusamstarfinu er að líkindum skárri kostur fyrir allar þjóðir en að sætta sig við vald sem virðir engin mörk.

(Birtist á bls. 20. í Morgunblaðinu 28. september 2017)

5. Ranglæti og vond stjórnsmál

Þegar rætt er um skuldir gríska ríkisins er meðal annars spurt um hvað er réttlátt og sanngjarnt. Tók ríkisstjórn landsins ekki lán og er þá ekki rétt að hún borgi þau? Skynsamlegt svar við þessari spurningu hlýtur að taka mið af því að mönnum ber að greiða skuldir sínar. Það er rangt að taka lán án þess að sjá fram á að geta skilað peningunum aftur og reyna eftir föngum að gera það. En þetta er aðeins önnur hliðin, því skynsamlegt svar hlýtur líka að taka mið af því að bönkum ber að lána af ábyrgð og það er til góðs fyrir hagkerfið að bankar sem ausa út fé af ábyrgðarleysi fari á hausinn. Ef þeim er alltaf bjargað þá er engin pressa á banka-kerfið að gæta vel þess fjár sem það varðveitir.



Veggjakrot gegn Þríeykinu í Chania á Kít

Hér hef ég ýjað að tveim reglum sem varða gott siðferði lánþega og lánveitenda. Það má orða þær á ýmsa vegu. Ein leið er að segja að hagkerfið þurfi á hvorutveggja að halda að:

- Fyrirtæki, fólk og ríki að taki ekki lán án þess að standa í skilum.
- Fjármálastofnanir, sem ávaxta annarra fé, leggi raunsætt mat á getu lántakenda til að greiða skuldir og stilli áhættu í hóf.

Seinni reglan þýðir ekki að áhætta sé ævinlega slæm. Áhættusöm lán eru æði oft driffjöður framfara. Ef fyrirtækjum er ekki komið á laggirnar nema það sé fyrirfram alveg öruggt að þau skili arði verður lítið um nýsköpun. Raunar komst kapítalismi nútímans ekki á flug fyrr en fundust aðferðir til að takmarka ábyrgða lántakenda. Þekktasta leiðin er að skrifa hlutafélög fyrir lánunum. Ef illa fer getur lánveitandi ekki gengið að öðru en eignum félagsins og mennirnir á bak við það halda persónulegum fjármunum þótt það fari á hausinn. Sú regla að öllum lánum sé undantekningalaust skilað mundi rústa því hagkerfi sem sér mannkyninu fyrir mat og öðrum nauðsynjum.

Áhættusöm lán eru yfirleitt veitt á hærri vöxtum en áhættuminni lán. Þegar þjóðum Suður-Evrópu er lánað fé á hærri vöxtum en tíðkast til dæmis í Þýskalandi þá er það væntanlega að einhverju leyti vegna þess að lán til þeirra eru talin áhættusamari. Það má því búast við að sumum þeirra verði aldrei skilað.

Ranglát leið og óhagkvæm

Mér sýnist að í aldarbyrjun hafi eigendur banka tekið áhættunni sem fylgdi útlánavíkingum af of mikilli léttúð. Trúlega er hluti skýringarinnar sú að bankamenn virtust gera ráð fyrir að yfirvöld sæju til þess að bankar færu aldrei á hausinn og að öll ríki Evrópusambandsins stæðu í skilum hvað sem það kostaði. Á algerlega frjálsum markaði hefðu fjármagnseigendurnir í norðrinu sennilega ekki lánað suðrinu allt þetta fé. Það er víðar en hér á Íslandi sem kapítalistar verða ábyrgðarlausir ef þeir fá að hanga í pilsfaldi ríkisins.

Ég veit ekki um neinar reglur sem takmarka ábyrgð borgara í skuldugum ríkjum með svipuðum hætti og ábyrgð hluthafa á skuldum hlutafélaga er takmörkuð. Það getur þó varla verið réttlátt að ábyrgð borgara á skuldum ríkis sé ótakmörkuð og það megi hirða hvað mikið sem er af þeim í skatta

til að ríkið standi í skilum. Þetta ættu Þjóðverjar svo sem að skilja manna best, því þegar efnahagur þeirra reis úr rústum á sjötta áratug síðustu aldar, var það að nokkru vegna þess að Bandaríkin knúðu lánadrottna þeirra í Evrópu til að gefa eftir mjög verulegar skuldir.

Ég treysti mér ekki til að segja mikið meira um hvað réttlátt er að ganga hart að Grikkjum til að ríkissjóður landsins borgi sem stærstan hluta skulda sinna. Ég get þó fullyrt að sú leið sem var mörkuð með skilmálum „neyðarlánanna“ 2010, 2012 og 2015 er ranglát, því skuldunum var í raun þröngv- að upp á skattgreiðendur ann- arra þjóða. Hún er líka óhag-



kvæm því skilmálarnir draga mátt úr grísku hagkerfi og minnka þar með tekjumöguleika ríkisins og kosti þess á að borga hluta af skuldum sínum.

Vandi heillar heimsálfu

Efnahagsbandalag Evrópu breyttist í Evrópusambandið með Maastrichtsáttmálanum sem var undirritaður 1992 og tók gildi 1993. Á þeim árum, fyrir aldarfjórðungi síðan, mynduðu frjálslyndir borgara- flokkar og jafnaðarmannaflokkar breiða miðju í evrópskum stjórnámálum. Þeir vörðu í senn borgara- leg og félagsleg réttindi, markaðsbúskap og opinber velferðarkerfi. Evrópusambandið, með sitt fjór- frelsi, var að nokkru samtök um stefnu þessara flokka.

Á árununum um og upp úr 1990 virtist flestum sem frjálslyndi og alþjóðahyggja ættu bjarta framtíð í álfunni. Nú aldarfjórðungi síðar er margt breytt: Útlánavíkingar og ábyrgðarlausir gleiðgosar í fjár- málaheiminum hafa dregið úr tiltrú fólks á markaðshagkerfi; Sameiginlegur gjaldmiðill evrupjóða spillir sambúð þeirra, enda er hann óhagstæður löndum sem þurfa að fella gengi gjaldmiðla sinna; Meðferðin á Grikkjum á sinn þátt í að menn eiga erfitt með að trúa því að Evrópusambandið styðji félagsleg réttindi og sam hjálpi þegar á reynir. Það virðist í vaxandi mæli handbendi þeirra ríku.

Kreppan í Grikklandi er ekki eina ástæðan, og ekki aðalástæðan, fyrir því að frjálslyndir flokkar, sem ég kenni við breiða miðju, fara nú halloka í kosningum. En hún á sinn þátt í því. Jafnaðarmannaflokkar sem styðja skilmála Þríeykisins hafa svikið sína jafnaðarstefnu með því að samþykkja aðför að vel- ferðarkerfi Grikkja. Frjálslyndir hægriflokkar, sem styðja þessa skilmála, hafa líka svikið eigin málstað, með því að fallast á að borgarar vítt og breitt um álfuna séu skattlagðir til að bjarga bönkum sem áttu að réttu lagi að fara á hausinn. Þetta dregur úr trúverðugleika þessara flokka og það á tímum þegar alls konar snælduvitlaust afturhald er í sókn. Meðal annars þess vegna er kreppan í Grikklandi ekki vandamál eins lands heldur að minnsta kosti einnar heimsálfu.

(Birtist á bls. 32. í Morgunblaðinu 30. september 2017)

Myndir í þessu skjali eru ekki þær sömu og birtust í Morgunblaðinu.